

Nefndasvið Alþingis  
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík 5. febrúar 2021


**Umsögn Neytendasamtakanna um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum er varða úrskurðaraðila á sviði neytendamála (einföldun úrskurðarnefnda), 400. mál.**

Neytendasamtökin telja að orðalag 1. gr. frumvarpsins sé ekki nægjanlega skýrt. Þannig megi skilja ákvæðið á þá leið að ef mál heyrir undir lögsögu dómstóla að þá beri tilkynntum úrskurðaraðilum og kærunefnd vöru- og þjónustukaupa að vísa því frá. Þá kemur jafnframt fram í greinargerð með frumvarpinu um 1.gr. „[...] að lokum er lagt til að skylt verði að vísa frá málum sem eiga undir lögsögu dómstóla [...]“. Ef lögin yrðu samþykkt í þessari mynd mætti skilja sem svo að kærunefndum bæri að vísa frá öllum málum sem gætu átt undir lögsögu dómstóla. En það væru líklegast öll mál sem heyrt geta undir dómstóla þannig að nær öllum málum sem berast kærunefndum yrði þá að vísa frá. Tilgangur ákvæðisins er væntanlega sá að ef mál hefur farið fyrir dómstóla eða er til meðferðar hjá dómstólum þegar kvörtun berst til kærunefndar, eða þegar mál varða svið sem eiga ekki undir lögsögu kærunefnda, að þá beri nefndum að vísa því frá. Því leggja samtökin það til að orðalag 1. gr. verði endurskodað þannig að tryggt sé að það hefti ekki möguleika neytenda til að leita með deilumál til kærunefnda sem heyra undir þær þegar mál hefur hvorki fengið meðferð hjá dómstólum, né sé til meðferðar þar.

Að mati samtakanna hafa frjálsar úrskurðarnefndir, sem stofnaðar hafa verið með samkomulagi við samtök neytenda og fyrirtækja, almennt reynst afar vel. Þannig hafa margar nefndir sem nú eru lögfestar verið upphaflega stofnaðar með slíkum samningum. Ákveðið misræmi hefur verið í stöðu nefnda þar sem einstaka nefndir hafa verið lögbundnar, aðrar settar á fót með samkomulagi og sumar jafnvel hvorutveggja. Það má því færa rök fyrir því að það sé skynsamlegt til einföldunar og til að gæta samræmis að allar slíkar nefndir verði færðar undir lög nr. 81/2019 líkt og lagt er til í frumvarpinu. Þá veitir slík tilhögun einnig færi fyrir Neytendasamtökin að stofna fleiri nefndir með hagsmunaaðilum sem áður voru lögbundnar.

Að ofangreindu virtu þá hvetja Neytendasamtökin til að ofangreint frumvarp verði samþykkt en að orðalag 1. gr. verði breytt.

Virðingarfyllst,



Breki Karlsson,  
Formaður Neytendasamtakanna